

4. gr.

Farmflytjendur skulu tilgreina sendingarnúmer í flutningsgjaldsreikningum sem þeir gefa út vegna viðkomandi vörusendingar.

5. gr.

Tollstjórar skulu frá og með 1. janúar 1988 skila farmskrám til embættis ríkistollstjóra, endurskoðunardeildar. Farmskrám skal skilað innan viku frá því að flutningsfar tók höfn. Tollstjórar skulu skila aðflutningsskjölum vegna tollafgreiðslu á vörum innan viku frá tollafgreiðsludegi.

6. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55, 30. mars 1987 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. desember 1987.

F.h.r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um tryggingarfé ferðaskrifstofa.

Með heimild í 18. gr. laga nr. 79, 2. júlí 1985, um skipulag ferðamála, hefur ráðuneytið ákveðið að bankatrygging sú sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofa skuli eigi vera lægri en 4,0 millj. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 31. janúar 1988 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 16. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur Valdimarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1987, eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hafa látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1987.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Fylgiskjal.

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 1.
Staðfest af dómsmálaráðuneytinu.

S Ö L U U M B O Þ

(Skv. ákvæðum 9.gr. laga um fasteigna-
og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2.gr.
reglugerðar nr. 520/1987)

undirrit
veit hér með

umboð til að annast sölu eignarinnar

Eigandi eignarinnar er:	nnr./kennit.
Maki eiganda er:	nnr./kennit.
Heimilisfang eiganda er:	
Heimasími	Vinnusími:
Þinglýstur eigandi er:	

Umboð þetta nær til þess að leita eftir tilboðum í eignina, semja kaup-
samning, skuldabréf, afsal og aðra þá löggæringa sem tengjast sölu
eignarinnar.

Um samskipti aðila, framkvæmd og tilhögun starfa fasteignasalans, sem
og um greiðslu kostnaðar, skal fara sem hér að neðan greinir.

TILHÖGUN SÖLU, Eignin er sett í
SÖLUPÓKNUN: () einkasölu
() almenna sölu
Sölupóknun skal vera % af söluverði eignarinnar
er greiddist við undirritun kaupsamnings.

AUGLÝSINGAR: () Fasteignasali auglýsir á sinn kostnað sinnum
á venjulegan hátt í eindálki.
() Auglýsingar að beiðni og á kostnað eiganda:
..... sinnun á venjulegan hátt í eindálki
kostnaður áætlast kr.
() Eignin skal auglýst með sérauglýsingum samkvæmt
sérstöku samkomulagi.
() Eignin skal ekki auglýst.

Venjuleg auglýsing í eindálki er 1,5 - 2,0 dákssenti-
metrar. Útlagður auglýsingakostnaður skal greiddur
skv. framlögðum reikningum dagblaðs.

GILDISTÍMI: Umboðið gildir daga, eða uns eignin hefur
verið seld.

GREIÐSLUSTAÐUR Ef eignin verður seld samkvæmt umboði þessu, skal
KAUPVERÐS: greiðslustaður kaupverðs vera á bankareikning
nr. _____ hjá _____
Eigandi reikningsins er _____

ÖFLUN UPPLÝSINGA Vegna gerðar söluyfirlits skal eigandi innan þriggja
VEGNA GERÐAR daga leggja fram eftirtalin gögn:
SÖLUYFIRLITS UM (1) Veðbókarvottorð, (2) afrit af öllum skuldabréfum
EIGNINA SBR. 10. áhvílandi á eigninni og kvittanir fyrir síðustu
GR.L.NR. 34/1986: greiðslum af öllum áhvílandi lánnum, (3) fasteigna-
gjaldaseðil og greiðslukvittanir fyrir gjöldunum,
(4) brunabótamatsvottorð og greiðslukvittun vegna
brunatryggingar, (5) yfirlit um stöðu hússjóðs
auk upplýsinga um yfirstandandi eða væntanlegar
framkvæmdir, (6) afrit af eftirtöldum skjölum: eldra
afsal eða kaupsamningur, eignaskiptasamningur,
sérstakar kvaðir, (7) samþykktar teikningar.

Fasteignasala er heimilt að afla upplýsinga um stöðu
áhvílandi veðskulda hjá skuldareigendum eða inn-
heimtuaðilum skulda, reynist það nauðsynlegt.

Fasteignasali lýsir því yfir að hann tekur að sér sölu eignarinnar
samkvæmt söluumboði þessu og lýsir því yfir að hann mun rækja störf
sín af alúð og samviskusemi og í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1986.

Framangreind eign var skoðuð hinn _____ og skoðunargjald
kr. _____ greitt, sem skal dregið frá sölubókun ef af sölu verður.

Til staðfestu framanrituðu hafa aðilar ritað nöfn sín hér undir.

.....
staður og dagsetning

seljandi/umboðsmaður seljanda

fasteignasali/umboðsmaður fasteignasala

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi
veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til
hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.